
Fornleifaskráning á Selfossi: Mýrarhverfi



Ragnheiður Gló Gylfadóttir

FS1011-24331

Reykjavík 2024

Fornleifastofnun Íslands



Á forsíðu er mynd af garðlagi ÁR-489c:007, horft er til norðurs. Ljósmynd tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

©2024

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BRÆÐRABORGARSTÍGUR 9

101 REYKJAVÍK

SÍMI: (+354) 5511033

NETFANG: fsi@fornleif.is

www.fornleif.is

Samantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður fornleifaskráningar sem gerð var í nóvember 2024 fyrir sveitarfélagið Árborg vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar og breytinga á deiliskipulagi innan Mýrarhverfis á Selfossi. Deiliskipulagsreiturinn var 66 ha að stærð en stór hluti hans hafði áður verið tekinn út og því þurfti aðeins að ganga um 10 ha að þessu sinni. Samanlagt höfðu áður verið unnar fimm fornleifaskráningar sem náðu inn fyrir mörk svæðisins. Ein fornleif var þekkt á svæðinu úr þeim skráningum en tvær fornleifar bættust við að þessu sinni. Allar teljast þær í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Efnisorð: Fornleifaskráning, Árborg, Selfoss, Mýrarhverfi

Summary

This report presents the findings of a detailed archaeological survey carried out in November 2024 for the municipality of Árborg. The survey was prompted by proposed changes to local planning in the Mýrarhverfi area of Selfoss. While the total planning area spanned 66 hectares, only 10 hectares required detailed examination as other parts of the area had been subject of previous survey. One archaeological site was known within the planning area from previous surveys and two additional sites were discovered during this investigation. All three sites are considered at a high risk due to the proposed development.

Keywords: Detailed archaeological survey, Árborg, Selfoss, Mýrarhverfi

Efnisyfirlit

1. Inngangur	7
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	9
3. Aðferðir við fornleifaskráningu	11
4. Fornleifaskrá	13
ÁR-489c Fossnes	13
ÁR-720 Fornleifar á fleiri en einni jörðu í Ölfushreppi	14
5. Helstu niðurstöður	15
Heimildir	18
Viðauki I: Minjakort	19



Mynd 1: Staðsetning skráningarsvæðisins er sýnd á kortinu með rauðum punkti. © Fornleifastofnun Íslands og Landmælingar Íslands

1. Inngangur

Fornleifastofnun Íslands vann í nóvember 2024 fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðra breytinga á deiliskipulagi innan Mýrarhverfis á Selfossi að beiðni sveitarfélagsins Árborgar (sjá mynd 2). Mýrarhverfi er athafna-, verslunar- og þjónustusvæði norðan Ölfusár, beggja vegna Suðurlandsvegjar. Deiliskipulagið nær til um 66 ha og afmarkast af sveitarfélagsmörkum við Ölfus til vesturs og legu nýs Suðurlandsvegjar til norðurs og austurs. Svæðið er uppbyggt að hluta og innan þess fer fram fjölbreytt starfsemi.

Á árunum 2004-2008 voru unnar fimm fornleifaskráningar¹ sem ná inn fyrir mörk deiliskipulagsreitsins. Í þeim voru alls um 55 ha af þeim 66 ha sem eru innan marka skipulags þaulgengnir. Ekki reyndist þörf á því að ganga umrædd svæði aftur. Að þessu sinni var því gengið skipulega yfir þá 10 ha sem ekki höfðu verið kannaðir í eldri verkefnum. Ein fornleif var þekkt innan deiliskipulagsmarka áður en skráningin 2024 var unnin en tvær fornleifar til viðbótar fundust í skráningunni. Því eru samtals þekktar þrjár fornleifar innan svæðis.



Mynd 2: Deiliskipulagssvæðið er alls um 66 ha og afmarkast af blárri línu á myndinni. Einungis þurfti að ganga skipulega yfir um 10 ha, þeir eru óskyggðir á myndinni. Skyggðu svæðin voru skoðað í eldri verkefnum á árunum 2004-2008.

1 Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2004; Bjarni F. Einarsson 2008; Edda Linn Rise og Margrét H. Hallmundsdóttir 2006; Margrét H. Hallmundsdóttir 2006; Margrét H. Hallmundsdóttir o.fl. 2008.

Þær fornleifaskráningar sem fram fóru á árunum 2004-2008 uppfylla ekki að öllu leyti þær kröfur sem gerðar eru til slíkra rannsókna í dag. Í þessari skýrslu eru því allar upplýsingar úr eldri skýrslum sem ná innan deiliskipulagssvæðis uppfærðar og þekkt fornleif mældar upp að kröfu Minjastofnunar Íslands.²

Vettvangsskráning 2024 var gerð af Ragnheiði Gló Gylfadóttur, fornleifafræðingi. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Ragnheiði og hún sá ennfremur um úrvinnslu og ritun þessarar skýrslu.

Uppbygging skýrslunnar er með hefðbundnum hætti. Í kjölfar inngangs koma kaflar um sögu fornleifaskráningar og aðferðir við slíka skráningu. Á eftir fylgir svo fornleifaskrá með uppmælingum og ljósmyndum af skráðum fornleifum innan deiliskipulagsreitsins. Í kjölfarið eru síðan helstu niðurstöður eru dregnar saman. Aftast í skýrslunni eru svo heimildaskrá og minjakort sem sýnir skráðar minjar innan skráningarsvæðisins.

2 Umsögn MÍ202410-0183/6.09./K.M.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörðar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu


Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-162:001). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingannúmer aftan við (dæmi: ÁR-162:001_01). Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan áhrifasvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens	Númer fornleifar á tiltekinni jörð	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93
Sýslutákn	SF-175-009	Sveinshlaða	tóft	hlaða	E: 528751 N: 352323



Sveinshlaða 009, horfi til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlaðuna er annað hölf eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfir virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfir norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Hætta sem stæðjar að fornleif

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Mynd 3: Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Mæling hnattstöðu er gerð með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki og voru allir sýnilegir minjastaðir mældir upp og var merkið tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: ÁR-162:002). Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) mikil hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt í mikilli hættu. Þær fornleifar sem eru utan áhrifasvæðis eru með óbreyttu hættumat úr fyrri skráningu.

Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

ÁR-489c Fossnes

3.11.1502 selur Stefán Skálholtsbiskup Þorvarði Erlendssyni lögmanni Árbæ og Fossnes fyrir 30 hdr og Þórisstaði þar næsta fyrir 10 hdr er liggja í Ölvesi í Arnarbæliskirkjusókn – DI VII, 622-23.

26.6.1546 gefur Erlendur Þorvarðsson Gissuri biskupi tilkall sitt til jarðanna Árbæjar, Þórisstaða og Fossness hverjar eru 50 hdr að dýrleika, svo og allt tilkall og áklögun um rekann á Skeiði er liggur fyrir Hrauns landi og um skipstöðu á Bjarnarstöðum – DI XI, 472.

26.7.1546 kvittar Erlendur Þorvarðsson Gissur biskup um andvirði jarðanna Árbæjar, Þórisstaða og Fossness 50 hdr – DI XI, 479-80.

“Fossnes er sagt að byggt hafi verið fram að, eða fram yfir, 1800, og að kerling ein hafi búið þar síðast. Rúst þess bæjar sjest skammt frá Hvítá litlu ofar en á móts við bæinn á Selforsi. Það er nú í Hellis landi, því landið lagðist til þeirrar jarðar, var þar stekkur frá Helli um hríð, en er nú aflagður fyrir löngu.” Brynjúlfur Jónsson 1897, 19-20.

ÁR-489c:007 garðlag vörslugarður

Í skýrslunni Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Fossness í Árborg segir: «Um 20 m norður af Árbæjarvegi og um 150 m austur af Árbæ er garðlag. Garðurinn er um 145 m að lengd og liggur í N-S. Hann er um 1 m á breidd hæð hans er um 30-40 cm. Garðurinn virðist ekki vera gamall og mjög ólíklegt að hann sé frá Fossnesi sem fór í eyði ári[ð] 1801 [...] Sterkar líkur eru á að garðurinn sé [...] frá 20. öld.» Garðurinn er tæpum 300 m NNV við bæjarhól 001 (Fossness) og er um 180 m austan við landamerki við Árbæ.

Framræst mýrlendi. Víða eru stakir víðirunnar og ógreinilegar læjarrásir.

Garðurinn er rúmlega 140 m að lengd og 0,5-1 m á breidd. Hann er um 0,3 m á hæð til suðurs en verður ógreinilegri eftir

því sem norðar dregur. Hann fjarar út við vélgrafna skurði til beggja átta en náði líklega lengra áður. Hlutverk garðsins er óþekkt en líklega er um vörslugarð fremur en áveitugarð að ræða.

Hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Margrét Hallmundsdóttir 2006, 21

A 401082 N 384070



Mynd 4: Garðlag ÁR-489c:007, horft til suðurs.

ÁR-720 Fornleifar á fleiri en einni jörðu í Ölfushreppi

ÁR-720:029 heimild leið A 401676 N 384303

Leið á milli Hellis ÁR-489 og Fossness ÁR-489c er merkt inn á herforingjaráðskort 37 frá 1909. Leiðin lá nánast norður-suður samkvæmt kortinu.

Leiðin lá yfir deiglendi og mýrar að mestu. Þar eru nú framræst tún, skógrækt og iðnaðarhverfi.

Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði innan deiliskráningarreits.

Hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: H-kort 37 1:50000

ÁR-720:030 heimild leið A 401272 N 384453

Ruddur þjóðvegur er sýndur á herforingjaráðskorti nr. 37 frá 1909 á milli þjóðvegar 009 við Ingólfsfjall að norðan og áfram til suðurs að Ölfusárbrú.

Þjóðvegur 1 er á sama stað og suðurhluti þessarar leiðar. Norðan við gámasvæði Íslenska gámafélagsins sést eldri þjóðvegur, hann er þó yngri en vegurinn á kortinu.

Öll ummerki vegarins eru horfin af yfirborði innan deiliskipulagsmarka.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: H-kort 37 1:50000

5. Helstu niðurstöður

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður fornleifaskráningar innan Mýrarhverfis á Selfossi, í sveitarfélaginu Árborg. Deiliskipulagið er alls 66 ha að stærð, á svæði sem tilheyrði jörðunum Helli og Fosnesi en þær voru báðar í Ölfushreppi áður en tilheyra nú Árborg. Stór hluti deiliskipulagssvæðisins, eða um 55 ha, höfðu áður verið deiliskráðir (í eldri skráningum), svo að einungis þurfti að ganga skipulega yfir um 10 ha og mæla upp þekktar fornleifar innan alls svæðisins. Ein fornleif var þekkt á því svæði sem áður hafði verið skráð og við skráningu 2024 fundust tvær fornleifar til viðbótar innan svæðis. Samtals eru því þekktar þrjár fornleifar innan reitsins. Við úttektina voru eingöngu skráðar fornleifar sem eru innan deiliskipulagssvæðisins og því voru línulegar fornleifar s.s. garðlög og leiðir eingöngu raktar að hluta.




Mynd 5: Á myndinni er horft til austurs yfir austurhluta deiliskráningarsvæðisins. Þar er framræst mýrlendi að mestu.

Til að setja niðurstöður fornleifaskráningar á tilteknu svæði í samhengi er nauðsynlegt að þekkja sögu byggðar þar. Dreifing jarða undir Ingólfsfjalli er nokkuð jöfn og eru jarðirnar þar flestar fremur stórar þó engin þeirra teljist til stórbýla. Á 11. öld reistu efnaðri bændur og höfðingjar gjarnan kirkjur og bænhús á jörðum sínum og má af dreifingu slíkra húsa fá nokkra hugmynd um skipulag byggðar á þeim tíma. Fjall var líklega meðal fyrstu jarða til að byggjast upp undir Ingólfsfjalli; til þess benda ágæt landgæði jarðarinnar í upphafi, sú staðreynd að þar

reis kirkja, sem og nafnið sjálft: Fjall. Margra jarða í Ölfusi er hvergi getið í skjölum fyrr en í jarðabókum 17. aldar og er Hellir ein þeirra. Jarðarinnar er fyrst getið í jarðabókum í kringum 1700 og þá er hún hjáleiga Fjalls en ekki er vitað hvenær hún byggist fyrst. Á 17. öld eyddist Fjall vegna aurskriða og grjóthruns úr Ingólfsfjalli. Eftir að bæjarstæði Fjalls var yfirgefið á 18. öld skiptist jörðin milli Laugarbakka og Hellis sem áður voru hjáleigur Fjalls. Um 1800 virðist Fossnes (sem fyrst getið í heimildum um 1500) og var í upphafi sjálfstætt býli en hafði síðar gengið kaupum og sölum með Árbæ, hafa sameinast Fjallsjörðunum. Eftir að býlið fór í eyði skömmu eftir 1800 lagðist land þess til Hellis. Búskapur var stundaður í Helli fram undir miðja 20. öld en síðan hefur jörðin legið í eyði.³

Hér á eftir verður fjallað um fornleifar innan deiliskipulagssvæðis. Allar þrjár eru þær í úthögum og tengjast samgöngum og landbúnaði. Tvær fornleifanna eru þegar horfnar af yfirborði vegna ýmis konar framkvæmda.



Mynd 6: Uppmæling af vörslugarði ÁR-489c:007.

Vörslugarður **ÁR-489c:007** er vestarlega innan deiliskipulagssvæðis, norðan við heimatún Fossness. Hann er í framræstri mýri, þar sem lóðir innan Nesmýrar 8-12 eru fyrirhugaðar. Afar ólíklegt er að komist verði hjá raski á garðinum.

Leið **ÁR-720:029** er sýnd á herforingjaráðskorti 37 frá árinu 1909 og hlykkjaðist NNA-SSV milli bæjanna Hellis og Fossness. Suðurhluti leiðarinnar er kominn undir iðnaðarhverfi við Hrísmýri og Hellismýri og norðurhlutinn horfinn í framræsta mýri. Þar munu rísa hús við götuna Heiðarmýri. **Vegur** **ÁR-720:030** er einnig merktur á herforingjaráðskort 37 frá 1909. Hann lá til norðurs frá Ölfusárbrú að Ingólfsfjalli. Þjóðvegur 1 er yfir hluta hans og annar malarvegur þegar

norðar dregur. Öll ummerki vegarins eru horfin innan athugunarsvæðis.

Á tveimur af þeim þremur minjastöðum sem þekktir eru innan deiliskipulags eru öll ummerki um minjarnar horfnar. Í tilfelli vörslugarðs eru ummerkin greinileg og ólíklegt að

³ Hluti þessa kafla byggir á umfjöllun um byggðasögu í svæðisskráningarskýrslu, sjá t.d. Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson 1999, Birna Lárusdóttir og Elín Ösk Hreiðarsdóttir 2004 og Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2020.

komist verði hjá raski á garðinum. Í því tilfelli, líkt og öðrum tífellum þar sem óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að úrskurða um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja.

Heimildir

Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2004. *Fornleifaskráning í Helli, Ölfushreppi*. FS248-04121. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Bjarni F. Einarsson. 2008. *Fornleifaskráning á Suðurlandi vegna mats á umhverfisáhrifum Suðurlandsvegar*. Reykjavík, Fornleifafræðistofan.

Brynjúlfur Jónsson. 1897. „Fjall í Ölfusi.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1897*. Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja, bls. 18-20.

DI: *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenskt fornbréfasafn*. I-XV. 1857-1972. Kaupmannahöfn/Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafjelag.

Edda Linn Rise og Margrét H. Hallmundsdóttir. 2006. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Fossness í Árborg*. 2006/6. Eyrarbakki, Byggðasafn Árnesinga.

Herforingjaráðskort 37 SA. 1909. Generalstabens topografiske Afdeling, Kaupmannahöfn. Aðgengilegt rafrænt á <https://islandskort.is/>

Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1999. *Fornleifaskráning í Ölfushreppi II: Svæðisskráning í Ölfus- og Selvogshreppi*. FS084:99012. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Kristinn Magnússon. 2024. Umsögn MÍ202410-0183/6.09./K.M

Margrét H. Hallmundsdóttir. 2006. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Hellis í Árborg, Fossnes 16-18*. 2006/7. Eyrarbakki, Byggðasafn Árnesinga.

Margrét H. Hallmundsdóttir o.fl. 2008. *Aðalskráning fornleifa í Árborg 1*. 2008/1. Eyrarbakki, Byggðasafn Árnesinga.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl. 2020. *Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla III*. FS789-12023. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Viðauki I: Minjakort



Skráningarsvæðið sýnt ofan á
korti 37 SA frá 1909

